

Maí 2021

Spot Matching System (SMS litakerfið) er íslenskt litakerfi hannað og þróað samhliða fyrir **4 lita prentun** (CMYK), **vef** og **sjónvarp** af undirrituðum og er Spot-Nordic framleiðandi kerfisins. Prentsmiðjur af flestu tagi geta prentað SMS liti rétt, hvort sem um er að ræða offset prentsmiðjur, gravure, flexo eða stafrænar prentsmiðjur - eða blandaðar prentsmiðjur. SMS litakerfið byggir á þrautreyndri tækni með icc litastjórnun, - sömu tækni og nýtt er við litastjórnun litmynda í prentun, - skv. ISO 12647 staðli (sbr. Fogra 39/ISO Coated v2).

SMS litakerfið, samanstendur af samtals 1.500 stafrænt skilgreindum, föstum grunnlitum fyrir alla miðla.

Með því að velja SMS liti sem grunnliti sína í stað lita úr öðrum og eldri “analog” litakerfum, geta fyrirtæki og stofnanir í fyrsta skipti samræmt liti sína sjónrænt á milli allra helstu miðla í markaðssetningu sinni, - fyrir vef, fyrir sjónvarp og fyrir prentun, hvort sem prentað er á Íslandi eða erlendis, og eru litafríðir fyrir hvern miðil fyrir sig framleidd af Spot-Nordic fyrir SMS áskrifendur eftir þörfum.

SMS er eina litakerfið í heiminum sem býður upp á algjöra litsamræmingu á milli mismunandi miðla og mismunandi efna.

Þar eð SMS litir eru fáanlegir fyrir vef (sRGB) þurfa auglýsingastofur ekki lengur að kaupa dýrar, prentaðar litabækur til að skoða og sýna viðskiptavinum sínum SMS liti sem mælt er með.

Hönnuður getur í raun valið SMS liti beint af skjá, sent viðskiptavini hugmyndir að grunnlitum til að byrja með (með tölvupósti), klárað hönnunina og sent viðskiptavini síðan endanlega útgáfu af nýju merki eða annarri hönnun í SMS litum þessvegna beint í síma viðkomandi - eða sett upp vefsíðu fyrir viðkomandi viðskiptavin með öllum afbrigðum viðkomandi hönnunar, - fyrir prentun, vef og sjónvarp.

Í því tilfelli er eina skekkjan frá prentun (eða vottaðri CMYK próförk) viðkomandi hönnunar og þess sem viðkomandi sér, hve langt skjár viðkomandi er frá því að vera rétt kvarðaður + hve langt viðkomandi prentun er frá litnum sem prenta átti. Til að lágmarka sveiflur í prentun er hægt að senda SMS litasýnishornamiða með umbeðnum litum til viðkomandi prentsmiðju - sjá nánar hér að neðan.

SMS litakerfið er rétta litakerfið ef einsleitni í völdum litum á milli miðla er markmiðið og telst það eðlilegt markmið t.d. í grunnhönnun fyrirtækjamerkja (lógóa) og vörumerkja hverskonar, sem þurfa að vera hönnuð frá grunni fyrir auglýsingabirtingar í öllum miðlum nútímans. Það er einfaldlega fagmannlegt að festa allavega grunnliti fyrirtækja og stofnana þannig að þeir sveiflist ekki á milli miðla og þá er einfaldasta leiðin að nota fasta liti SMS í grunnhönnun.



Sem fyrr segir byggir SMS litakerfið á hefðbundinni litastjórnun fyrir 4 lita prentun skv. ISO 12647 stöðlum og þar af leiðir að við getum einnig samræmt liti ljósmynda á milli allra miðla fyrir fullkomna litasamræmingu, sé þörf á því. Hönnuðir geta því rólegir notað ljósmyndir og ýmiskonar “effekta” í hönnun SMS lógóa og vörumerkja í bland við hefðbundna grafíska hönnun ef SMS litir eru notaðir í grunninn.

**Auk** þess að lágmarka hættu á litasveiflum í opinberri kynningu fyrirtækisins, eru fyrirtæki sem velja SMS liti að lágmarka kolefnisfótspor sitt. Nánari upplýsingar og rökstuðning fyrir þessari staðhæfingu er að finna á vefsíðunni [www.spotmatchingsystem.com/environment](http://www.spotmatchingsystem.com/environment).

SMS litakerfið er nú fáanlegt í 3 mismunandi útfærslum; standard útgáfu, **ECO** útgáfu og **MAX** útgáfu og inniheldur hver útgáfa 500 grunnliti.

**Standard útgáfa** SMS er hönnuð fyrir lógó hönnun, vörumerkjahönnun og auglýsingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. Standard SMS litirnir eru fáanlegir fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan og óhúðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52 og sambærilega GRACOL/G7 prentun.

**ECO útgáfan** er hönnuð sérstaklega með umhverfismeðvitaða viðskiptavini í huga og hentar fyrir lógó hönnun, vörumerkjahönnun og auglýsingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. ECO litirnir eru fáanlegir fyrir 4 lita/process prentun á bæði hvítan sem og “off-white” pappír, húðaðan og óhúðaðan (s.s. Munken Pure) og endurnýjanlegan pappír og hentar einnig fyrir dagblaðaprentun. ECO litirnir eru



t.d fáanlegir fyrir prentun skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52, GRACOL/G7 og SWOP stöðlum sem og WAN-IFRA staðlinum fyrir dagblaðaprentun auk Munken Pure icc prófilsins.

**MAX útgáfan** er hönnuð sérstaklega fyrir vörumerkjahönnun, umbúðahönnun og markaðssetningu fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum.

MAX litirnir eru dýpri og bjartari en standard og ECO palettarnar. MAX litirnir eru fáanlegir fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 51 og skyldum GRACOL/G7 og SWOP stöðlum, fyrir vef og sjónvarp.

SMS standard og ECO litirnir, bæði grunnlitirnir og sérafbrigði líta eins út í 4 lit á húðaðan og óhúðaðan pappír, - þ.e. eru aðlagðir að viðkomandi pappírsgerð.

Hægt er að panta stöðluð CMYK afbrigði allra 1.500 grunnlita SMS litakerfisins utan áskriftar og kostar t.d. 1 stk SMS standard litur fyrir CMYK prentun skv. Fogra 39, fyrir vef og sjónvarp kr. 4.500 án vsk.

Hægt er að sækja nothæfa útgáfu af grunnlitum SMS fyrir sRGB (vef) og Rec. 709 RGB (sjónvarp) án endurgjalds á vefsíðunni [www.spotmatchingsystem.com/services](http://www.spotmatchingsystem.com/services).

SMS litakerfið hentar því sérlega vel fyrir hönnun sem er hugsuð fyrir meira en einn miðil, s.s. merki/lógó fyrirtækja, vörumerki og auglýsingaherferðir sem á að keyra í prentun, á netinu og í sjónvarpi, þar sem notandi velur einfaldlega sömu SMS litina fyrir alla miðla.

Við kynnum einnig nýtt til sögunnar **SMS BLOCKS**, sem er þægileg leið til að halda utan um sérleti fyrirtækja en sparar einnig notendum pening, þ.e. ein SMS blokk með 2 - 10 litum kostar það sama og einn stakur SMS litur fyrir CMYK, - sjá nánar [www.spotmatchingsystem.com/blocks](http://www.spotmatchingsystem.com/blocks) og umfjöllun hér að neðan.

Fyrirtækjum, stofnunum og prentsmiðjum býðst að gerast **áskrifendur** að SMS. Áskriftargjaldið er kr. 75.000 án vsk á ári sem leggur sig út á kr. 6.250 án vsk á mánuði. Auglýsingastofur geta jafnframt skráð staka viðskiptavinum eða stök vörumerki í áskrift eða haft milligöngu um slíkt.

Innifalið í áskrift til fyrirtækja eða auglýsingastofa þeirra eru CMYK afbrigði 4 SMS lita eða sérsníðið SMS lógó/merki og litir í eins mörgum prent útfærslum og þörf krefur. Innifalin er fyrrnefnd sRGB litapaletta og tæknileg ráðgjöf eftir þörfum, þ.m.t. samskipti við auglýsingastofu og prentsmiðjur.





Prentsmiðjur sem bjóða upp á prentun skv. Fogra eða G7 stöðlum geta allar prentað SMS liti og geta þar með gerst áskrifendur að SMS litakerfinu og kynnt sig sem "SMS READY" skv. eigin prentstaðli/stöðlum.

Hægt er að sækja prufuprentforma fyrir helstu Fogra staðla á vefsíðuna [www.spotmatchingsystem.com/technical/smsready/smstest](http://www.spotmatchingsystem.com/technical/smsready/smstest) til að kanna raunstöðu þegar kemur að prentun skv. ISO stöðlum.


Við aðstoðum prentsmiðjur í öllum geirum við að prenta rétt samkvæmt ISO stöðlum, bæði á húðaðan og óhúðaðan pappír, sé þess óskað, t.d. skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 eða Fogra 52 eða skv. GRACOL/G7 stöðlum.

Reynslan hefur sýnt að prentsmiðjur sem leggja á sig að staðla prentun skv. ISO stöðlum ná betri árangri en prentsmiðjur sem gera það ekki. Sama má raunar segja almennt um fyrirtæki sem styðjast við ISO staðla. Í tilfelli prentsmiðja sem prenta skv. ISO 12647 staðlinum dregur úr fjölda endurprentana vegna mistaka, kröfuhörðum viðskiptavinum sem eru ekki endilega að leita að lægsta verðinu fjölgar og starfsfólki líður almennt betur. Íslenskur prentiðnaður hefur átt undir högg að sækja á undanförunum árum vegna harðnandi samkeppni erlendis frá og þar getur það skipt sköpum að geta boðið upp á prentun sem stenst samanburð við það besta í heiminum þegar kemur að gæðum og einsleitni í framleiðslu skv. alþjóðastöðlum.

Verð pr. sérsníðaðan SMS prófil fyrir prentsmiðjur sem kaupa SMS áskrift eru á bilinu frá kr. 50.000 án vsk upp í kr. 150.000 án vsk.



## Brand Color Management SMS Visual Brand Identity Approach



Prepare a brand manual with all SMS color variations in sRGB format for color correct web viewing.



**Printing (CMYK):** SMS color  
**Web (sRGB):** SMS color  
**TV (Rec. 709):** SMS color

Contact [sms@spot-nordic.com](mailto:sms@spot-nordic.com)

## Spot Matching System

**ISO certified master colors for your brand!**

[sms@spot-nordic.com](mailto:sms@spot-nordic.com)

[www.spotmatchingsystem.com](http://www.spotmatchingsystem.com)

Ofangreind mynd sýnir grunnhugsunina á bak við SMS litakerfið. Horft er til þess að flestir sérlitir sem grafískir hönnuðir hafa fram til þessa notað í grunnhönnun t.d. merkja fyrirtækja eiga það sameiginlegt að ekki er hægt að prenta viðkomandi liti svo vel sé í 4 lit og að oft er ekki hægt að finna almennilega nálgun viðkomandi lita fyrir vef eða sjónvarp. Viðkomandi sérlitir prentast þess utan aldrei eins á húðaðan og óhúðaðan pappír.

Því er mælt með að hönnuðir noti SMS liti í grunnhönnun og velji sér frekar sérliti úr Pantone litakerfinu, RAL, Avery eða NCS eftir að búið er að velja SMS lit sem hentar, ef þörf er á því.

Eins og fram kemur hér að ofan eru 4 SMS litir innifaldir í áskrift fyrir fyrirtæki og auglýsingastofur en annars er verð pr. CMYK útfærslu SMS litar frá kr. 4.500 án vsk í lausasölu.

Vef og sjónvarpsútgáfa viðkomandi litar fylgir í kaupbæti.



Komi upp sú staða að enginn okkar 1.500 lita henti, þá er í boði sérþjónusta þar sem hönnuður getur valið sér hvaða lit sem hann eða hún vill úr hvaða litakerfi sem er sem fyrirmynd. Einnig má senda okkur eldra lógó eða vörumerki í vefútgáfu (sRGB).

Sendu þarf litinn/litina eða merkið til okkar á netfangið [sms@spot-nordic.com](mailto:sms@spot-nordic.com)

Við finnum síðan bestu nálgun viðkomandi litar eða lita sem uppfyllir skilyrði SMS litakerfisins:


- **Prentast eins á húðaðan og óhúðaðan pappír í 4 lit (standard og ECO útgáfan).**
- **Birtist litrétt á vef (sRGB) (standard, ECO og MAX útgáfan).**
- **Birtist litrétt í sjónvarpi (Rec. 709) (standard, ECO og MAX útgáfan).**

Verð pr. SMS sérlit eða SMS lógó/merki í 1 prentútfærslu, fyrir vef og sjónvarp er kr. 14.900 án vsk.



### Brand Color Management

## SMS Visual Brand Identity Approach



Prepare a brand manual in sRGB format for color correct web viewing.



## Spot Matching System

ISO certified master colors for your brand!

[sms@spot-nordic.com](mailto:sms@spot-nordic.com)

[www.spotmatchingsystem.com](http://www.spotmatchingsystem.com)



Ofangreind mynd sýnir hvernig **SMS BLOCKS** virkar.

Í stað þess að panta staka SMS liti getur hönnuður pantað **litablokk**, sem samanstendur í þessu tilfalli af 3 litum. Það er svo undir hönnuðinum komið hvort hann/hún vill gefa upp SMS heiti stakra lita eða ekki. Í þessu sýnidæmi hefur hönnuðurinn valið að gera það ekki.

Greitt er fyrir hvern stakan lit í fyrsta skipti sem pantað er og eftir það kostar blokkinn með allt að 10 SMS litum það sama og stakur standard SMS litur í lausasölu (utan áskriftar) - kr. 4.500 án vsk pr. prentstaðal.

Eins og fram kemur hér að ofan eru allt að 4 SMS litir (grunnlitir eða sérvaldir) eða 1 stk SMS lógó/merki, í eins mörgum CMYK útfærslum og þarf, innifaldir í áskrift fyrir fyrirtæki og auglýsingastofur þeirra.





<p>Viewing condition: D50/2° Measurement condition: M1</p> <p>Brand name.....</p> <p>Job ID/type.....</p> <p>Manufacturer/printer:.....</p> <table border="1"><tr><td>SMS J-5</td><td>SMS I-12</td><td>SMS CN1</td><td>SMS CN2</td></tr></table> <p style="text-align: right;">P6</p>	SMS J-5	SMS I-12	SMS CN1	SMS CN2	<h3>SMS P6 - litasýnishornamiðar</h3> <p>Stærð: 7,6 x 10,5 cm pr. miða, pr. reit: 1 x 1,5 cm. Hægt að velja "Standard", "ECO" eða "MAX".</p> <p>SMS litir viðskiptavinar. Sendist með verkefni í framleiðslu og fyrir gæðaeftirlit innan fyrirtækis.</p> <p>Fáanlegt á húðaðan eða óhúðaðan pappír. 8 miðar, 16 eða 32 miðar pr. örk. P6c (húðaður pappír): kr. 1.990 án vsk pr. miða. P6u (óhúðaður pappír): kr. 1.990 án vsk pr. miða.</p> <p><b>Fyrir SMS áskrifendur:</b></p> <p>8 miðar, 16 eða 32 miðar pr. örk. P6c (húðaður pappír): kr. 1.290 án vsk pr. miða. P6u (óhúðaður pappír): kr. 1.290 án vsk pr. miða.</p>
SMS J-5	SMS I-12	SMS CN1	SMS CN2		

<p>SMS H-46</p>	<h3>SMS P20 - SMS litakerfið fyrir grunnhönnun á skjá.</h3> <p>sRGB eða Rec. 709 snið, afhent í PNG sniði. Hentar fyrir vefhönnun (sRGB), sjónvarp (Rec. 709) og grunnhönnun vörumerkja. Hægt að velja um Standard, ECO eða MAX.</p> <p>Sjá leiðbeingar hér <a href="http://www.spotmatchingsystem.com/gettingstarted">http://www.spotmatchingsystem.com/gettingstarted</a>.</p> <p><b>Kr. 8.900 án vsk pr. palettu (fritt fyrir SMS áskrifendur).</b></p>
-----------------	--

<table border="1"><tr><td>SMS J-4</td><td>SMS J-12</td><td>SMS F-23</td></tr></table> <p style="text-align: center;"><b>SMS BLOCK 36</b></p> <p>ISO COATED V2      FOGRA 51      FOGRA 39</p> <p><b>Kr. 4.500 án vsk pr. lit fyrir fyrstu pöntun og síðan kr. 4.500 pr. afbrigði pr. blokk.</b></p>	SMS J-4	SMS J-12	SMS F-23	<h3>SMS P30 - SMS BLOCK</h3> <p>Afhent í TIF sniði fyrir CMYK, PNG eða JPG fyrir vef eða sjónvarp.</p> <p>Inniheldur alla sérleti viðskiptavinar saman í einni blokk.</p> <p>Sýnir <b>ICC prófil</b> sem á að nota í vinnslu verkefnis sem inniheldur þessa CMYK liti</p> <p><b>Hvítu</b> valins pappírs (Fogra 51 í þessu tilfalli)</p> <p><b>Prentstaðal</b> prentsmiðju sem annast prentun (Fogra 39 í þessu tilfalli).</p>
SMS J-4	SMS J-12	SMS F-23		

Nánari upplýsingar um aðrar SMS vörur og þjónustu ásamt ýtarlegum upplýsingum um kosti SMS áskriftar fyrir fyrirtæki, stofnanir, auglýsingastofur (frí áskrift) og prentsmiðjur er að finna á vefsíðunni [www.spotmatchingsystem.com/services](http://www.spotmatchingsystem.com/services).

Ingi Karlsson  
I&I Heildsala / Spot-Nordic  
Trönuhólum 5, 111 Reykjavík  
s. 896 9790  
[ingi@spot-nordic.com](mailto:ingi@spot-nordic.com)  
[www.spot-nordic.com](http://www.spot-nordic.com)